

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2004

14. apríl 2004

825

Nr. 325

AUGLÝSING

um breytingar á skipulagi í Garðabæ vegna grunnskóla við Arnarnesvog.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi Ása og Grunda og Sjalands vegna lóðar fyrir grunnskóla við Arnarnesvog.

Í tillögunni felst m.a. að mörkuð er lóð fyrir skóla- og íþróttahús beggja vegna Hraunsholtslækjar frá sjó að Vífilsstaðavegi. Gert er ráð fyrir nýju hringtorgi við Vífilsstaðaveg með aðkomu að skólalóð og húsum við Ránargrund norðan Vífilsstaðavegar og breyttri aðkomu að íbúðasvæði á Ásum og Grundum sunnan Vífilsstaðavegar. Í tillögunni felst einnig að afmörkun deiliskipulags Sjalands breytist þar sem fyrirhuguð lóð fyrir verslun og/eða stofnun verður hluti af lóð skólans.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsáætlunin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 14. apríl 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.